

Mosfellsbær
Finnur Birgisson,
skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
30. sep. 2011 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. september 2011
Tilvísun: UST20110700120/ksj

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2009 - 2030. Verkefnislýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulags Mosfellsbæjar 2010 – 2030 sem er endurskoðun á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002 – 2024: Verkefnislýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar.


Viðfangsefni endurskoðunar


Í umfjöllun um þau viðfangsefni sem eru til endurskoðunar kemur fram að í endurskoðuðu aðalskipulagi Mosfellsbæjar verður stefnt að uppbyggingu ævintýragarðs á milli Varmár, Köldukvíslar og Vesturlandsvegar. Umhverfisstofnun minnir á að Varmá er svæði nr. 139. á náttúruuminjaskrá og í skránni segir: „*Varmá, Mosfellsbæ. Varmá frá upptökum til ósa. Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi.*

Umhverfisstofnun minnir einnig á að fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellsbæ eru friðlýstir. Auglýsing um ofangreinda friðlýsingu var birt í stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Þar má lesa hnitsett mörk hins friðlýsta svæðis og einnig þær reglur sem um svæðið gilda, en þær eru m.a. eftirfarandi: *1. Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi, eru bannaðar.*

Umhverfisstofnun gerir ekki að öðru leyti athugasemd við verkefnislýsingu er varðar endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun